

Tillaga til lagabreytingar – Kjörnefnd–

Lögð er til eftirfarandi breyting á lögum sambandsins:

Gr. 11.1, tl. 14 h.:

Töluliðurinn hljóðar svo:

“Kosning kjörnefndar, 3ja manna, er starfi milli þinga.”

Töluliðurinn hljóði svo:

“Kosning kjörnefndar, 3ja manna. Kjörnefnd skal einungis kölluð saman af stjórn KSÍ ef fyrir liggur að ekki hafi innan framboðsfrests borist framboð til þeirra embætta sem tilgreind eru í gr. 11.1, 14. tl., og eru jafn mörg eða fleiri en þau embætti sem kjósa ber til. Skal þá kjörnefnd gera tillögu um þann fjölda fulltrúa til viðkomandi embætta sem á vantar til að nefndir eða embætti séu fullskipuð.”

Greinargerð:

Kjörnefndir, þrátt fyrir að vera ill nauðsyn þegar erfitt er að manna einstakar stöður í félagasamtökum eða annarsstaðar, er í eðli sínu ólýðræðislegt fyrirbæri. Það getur vart verið æskilegt að þeir sem kunna að vera áhugasamir um að gegna embættum fyrir félög eða sambönd eins og KSÍ séu settir í þá stöðu að vera að bjóða sig fram gegn tilnefndum aðila í stað þess að bjóða sig fram á jafnræðisgrundvelli við aðra mögulega frambjóðendur. Ekki verður séð að nokkur rök séu fyrir viðtækara hlutverki kjörnefndar en hér er lagt til.

Stjarnan